



**Hátíðarræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Heimastjórnarhátíð alþýðunnar
Ísafirði
21. ágúst 2004**

Ágætu Ísfirðingar,
Vestfirðingar
Góðir hátíðargestir

Heimastjórnin var uppskeruhátíð. Ár eftir ár, í áratugi, var háð þrotlaus barátta, hugsjónarík, einörð, oftast á brattann að sækja; andstaðan í Kaupmannahöfn hatrömm, valdinu beitt og réttindum hafnað.

Áfram var þó haldið hér heima, forystusveitin þreyði þorrann og góuna; árangurinn langtímum saman nánast enginn og ýmsir vildu slá af kröfum.

Þá var gott að eiga bakhjarl í Vestfirðingum, njóta liðsinnis Ísfirðinga. Það reyndi fyrstur Jón Sigurðsson sem heimamenn hér um slóðir gerðu að fyrsta þingmanni sínum. Það reyndu Skúli og séra Sigurður í Vigur sem mörkuðu sjálfstæðisbaráttunni nýjan völl í aðdraganda aldamóta. Og það reyndi Hannes þegar hann kom hingað vestur og hertist í átökunum sem þá geisuðu á Ísafirði.

Já, hér réðust mikil örlög. Hér mátti glögggt greina kjarnann í orðræðunni sem hljómaði um landið allt. Íslendingar horfðu tíðum allir til Ísafjarðar.

Sýslumennirnir, fyrst Skúli og síðar Hannes, urðu leiðtogar á landsvísu. Hér voru þeir báðir samtímis þegar nýir straumar tóku að leika um íslensk stjórnsmál. Gengu um götur á góðum degi, kannski ekki saman, og þó, því þeir höfðu þekkst vel allt frá skólaárum, að vísu oftast en ekki tekist á, forleikur hins mikla drama sem síðar hélt innreið sína á Alþingi og í stjórnardeildir.

Höfðingjarnir á Ísafirði fóru oft með lykilhlutverk, allt frá því að Ásgeirsverslun veitti Jóni Sigurðssyni öflugt lið, sendi honum mat og

fjárhagsstuðning. Skúlamálið skóp vatnaskil í afstöðu almennings til landshöfðingjans, varð tákn um átök sem ristur dýpra. Kosningar hér í sýslum um aldamótin höfðu úrslitaáhrif á valdahlutföll og framgang stefnu sem boðaði nýjar leiðir, markaði baráttunni fyrir sjálfstæði og auknum rétti Íslendinga nýjan völl, lagði grundvöll að framförum í atvinnulífi, gerði þjóðinni kleift að standa á eigin fótum, vökva íslenskan gróður í fjármálum og menningalífi, setja nýja tækni á oddinn.

Séra Sigurður Stefánsson í Vigur og Skúli Thoroddsen, fyrst sýslumaður og svo kaupfélagsstjóri hér á Ísafirði, voru meðal áhrifaríkustu sáðmanna þessarar stefnu þótt það kæmi í hlut Hannesar Hafstein að taka við uppskerunni og fara héðan sem fyrsti ráðherra heimastjórnar.

Án þess árangurs sem liðssveit Skúla og klerksins í Vigur hafði náð, bæði hér heima og gagnvart kóngi og valdhöfum í Kaupmannahöfn, hefðu ekki orðið slík þáttaskil í sögu Íslands fyrir hundrað árum. Rætur heimastjórnar voru í Framfaraflokknum, fylkingunni sem kennd var við Valtý; jarðvegurinn sú hugsjónabarátta sem félagarnir, þingmenn Ísafirðinga, höfðu leitt í áraraðir.

Sigurlaunin féllu þó í annan garð og Hannes Hafstein reyndist glæsilegur foringi, frumkvöðull umbóta sem fylgdu í kjölfar heimastjórnar.

Það er því vel við hæfi að fagna hundrað ára afmæli hér á Ísafirði og tengja hátíðina við alþýðu manna, afkomendur þeirra sem veittu öflugt liðsinni þegar mest á reyndi, fólkið hér vestra sem ætíð hefur sótt kjark og baráttuvilja í náttúruöflin.

Bændur og fiskimenn, sjósóknarar og verkafólk, alþýðan á Ísafirði og í nágrannafjörðum voru sá bakhjarl sem úrslitum réði þótt margir hefðu ekki enn hlotið kosningarétt. Þau létu svo sannarlega að sér kveða, komu siglandi innan úr Djúpi og á hestum yfir fjöllin, Skúlamenn eða Hannesar eða stuðningslið klerksins í Vigur sem dugði honum svo vel að hann sat á þingi í nærri fjóra áratugi.

Ólgan á Ísafirði og í sýslunum vestur og norður var mælikvarði á þjóðarsál. Hér gaf alþýðan til kynna hvað hún vildi, hvaða foringja skyldi senda á þing, studdi áfram Skúla þótt hann væri fluttur suður á Bessastaði og óskaði Hannesi heilla í nýju ábyrgðarstarfi.

Vestfirðingar voru á síðustu öld dómharðir á málefni og menn. Það var ekki heiglum hent að sækja hér fylgi. Vösk var sú forystusveit sem héðan fékk afl til að breyta, til að sækja fram, leggja grundvöll að íslensku samfélagi okkar tíma, árangri sem á margan hátt er einstakur í veröldinni.

Fjörutíu árum eftir upphaf heimastjórnar kom þjóðin saman á Þingvöllum til að fagna lýðveldisstofnun. Einn þingmannanna sem þar var á sérstökum hátíðarfundum Alþingis er enn á lífi. Sigurður Bjarnason frá Vigur, sonarsonur sjálfstæðishetjunnar, situr nú syðra í hárra elli og mér finnst vel við hæfi að við sendum honum á þessu kvöldi sérstakar kveðjur héðan frá Silfurtorgi, þökkum honum og allri þeirri vösku sveit sem var í fararbroddi á sínum tíma, frá endurreisn Alþingis og hugsjónaskrifum Fjölnis og Nýrra félagsrita til athafnaskeiðsins sem einkenndi heimastjórn og upphafsár lýðveldistíma.

Þökkum líka alþýðu manna sem jafnan hélt vöku sinni, fólkinu sem hér fyrir vestan kaus að fylgja réttari leið þótt oft væri stormur í fangið og óvíst um endastöð, fólkinu sem veitti kraftinn sem dugði til að knýja Dani til að veita Íslendingum fullan rétt, fyrst stjórnarskrá, síðan heimastjórn, fullveldi og loks sjálfstæðan sess meðal þjóða heims.

Þessi arfleifð Vestfirðinga getur dugað okkur vel á nýrri öld þegar veröldin er á sífeldu breytingaiði. Þá er gott að eiga traustar rætur, geta sótt endurnýjun í arfleifðina sem áður setti svip á Ísafjörð og vestfirskar byggðir.

Mér fannst slíkur sóknarhugur vera leiðarljós unga fólksins sem hér á Silfurtorgi stofnaði fyrir fáeinum vikum á táknrænan hátt Háskóla Vestfirðinga og efndi til málþings um breytta sýn, nýsköpun og hugmyndaauðgi; unga fólksins sem sér í straumi tímans ótal ný tækifæri.

Kannski eru Ísfirðingar að eignast í þessu unga fólki nýja aldamótakynslóð, arftaka þeirra sem í árdaga síðustu aldar báru slíkt heiðursnafn, tákni fyrir framsækinn hug, nýja aldamótakynslóð, unga og sóknjarfa, sem les byggðavandann á annan hátt en hinir eldri, sér í menntun, hugviti og hæfileikum auðlindir sem best munu duga í framtíðinni.

Við lifum í heimi þar sem hindrunum fjarlægðar hefur verið rutt úr vegi, þar sem nýjungar geta komið úr öllum áttum, þar sem frumkvæði getur blómstrað í hverri byggð, þar sem fyrirtæki í litlum firði geta á skömmum tíma orðið stór á heimsvísu.

Dæmin sem þetta sanna eru einnig á Ísafirði. Hátækni til að efla afrakstur í atvinnulífi er framleidd hér og á nú markað víða um veröld. Listfengur silfursmiður nýtur viðskiptavina í fjarlægum álfum. Upplýsingatæknin skapar athafnatengsl út í heim og hingað streymir fólk frá ólíkum löndum sem fyrir skömmu vissi ekkert um vestfirskar byggðir en dásamar nú náttúruparadís sem á sér engan sinn líka.

Vandinn fellst kannski fyrst og fremst í hugarheimi okkar sjálfra, að við trúum ekki á eigin getu, gerum of mikið úr erfiðleikum.

Þegar Hannes og Skúli voru hér á göngu var Ísafjörður í rauninni fátækt lítið þorp – og hvíllik breyting hefur orðið á bæjarbrag: menntaskólinn öflug stofnun, sjúkrahúsið, íþróttavellir, reisulegar byggingar, jarðgöng, traustar hafnir, tenginet í krafti tölvutækni um allan heim.

Slíkt hefði sjálfstæðissveitin fyrir um hundrað árum talið fjarlæga drauma, nánast ævintýri sem væri frekar ætlað álfum og huldufólki en sæbörðum Vestfirðingum.

Samt er þetta veruleiki okkar tíma, sú mynd sem við blasir á hverjum degi. Við sjáum í dagsbrún nýrrar aldar annað sóknarskeið, sóknarskeið fyrir Ísafjörð, Vestfirði og þjóðina alla.

Sá er draumur æskufólksins sem hér kom saman fyrir fáeinum vikum, draumsýn, hugsjón og ætlunarverk. Hjálpum þeim að láta drauminn rætast, trúum á ævintýrið um örlög Vestfirðinga, ævintýrið sem jafnan hefur reynst vera kraftaverk.

Í slíkum anda komum við saman hér í kvöld, Ísfirðingar, Vestfirðingar og aðrir góðir gestir til að fagna og gleðjast en líka til að strengja þess heit að starfa áfram í anda þeirra sem helguðu sjálfstæði Íslendinga ævistarfið, fólksins sem færði okkur heimastjórn og aukinn rétt, alþýðunnar sem ávallt studdi oddvitana til góðra verka.

Það snertir hjartað í gömlum Ísfirðingi að vera boðið að dvelja með ykkur á slíku kvöldi og ég þakka ykkur velvild og hlýhug í okkar garð, heiðurinn sem þið sýnið okkur á þessari einstæðu hátíð.